



Skrifstofa forseta Íslands
Staðastað, Sóleyjargötu 1
150 Reykjavík

FORSETISRÁÐUNEYTIÐ

Stjórnarráðshúsinu 150 Reykjavík
sími: 545 8400 bréfasími: 562 4014
postur@for.stjr.is
www.raduneyti.is

Reykjavík 11. júní 2010
Tilv.: FOR10050087/

Í viðauka 1 við skýrslu rannsóknarnefndar Alþingis, sem út kom 12. apríl síðastliðinn, er fjallað um siðferði og starfshætti í tengslum við fall íslensku bankanna árið 2008. Í kafla um stjórnarsýslu, stjórnsiði og stjórnsmál koma þar fram eftirfarandi tillögur varðandi forsetaembættið:

- Skýra þarf hlutverk forseta Íslands mun betur í stjórnarskránni.
- Setja þarf reglur um hlutverk og verkefni forseta Íslands og samskipti hans við önnur ríki.
- Æskilegt væri að forsetaembættið setti sér siðareglur þar sem meðal annars yrðu ákvæði um það með hvaða hætti er eðlilegt að hann veiti viðskiptalífínu stuðning.

Varðandi fyrsti tillögunu má gera ráð fyrir að úr henni verði unnið á vettvangi stjórnlagabings náí frumvarp forsætisráðherra (152. mál á 138. löggjafarþingi) þess efnis fram að ganga. Hins vegar telur forsætisráðuneytið rétt að óska eftir viðhorfum forsetaembættisins til þess hvernig staðið verði að því að hrinda hinum tillögnum tveimur í framkvæmd. Er þess óskað að svar berist eigi síðar en 30. júní næstkomandi.

Fyrir hönd ráðherra


Ragnhildur Arnjóltsdóttir


Páll Þorhallsson